

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



Staða skólastjóra við Krikaskóla í Mosfellsbæ

Krikaskóli er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundastarfi. Starfsemin tekur mið af menntastefnu Mosfellsbæjar, *Heimurinn er okkar*.

Í Krikaskóla eru um 200 börn á aldrinum tveggja til níu ára og um 50 starfsmenn. Í skólanum er lögð áhersla á teymisvinnu, einstaklingsmiðað nám, samstarf, vináttu og gleði. Starfshópur Krikaskóla er einstakur og hæfni hans mikil. Skólinn var stofnaður árið 2008 og hefur verið leiðandi í skólaþróun með nýjungum í kennsluháttum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og hefur víðtæka reynslu og þekkingu á skólastarfi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á skólastarfi, skólaþróun, stjórnun og forystu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá leikskóla og gæða-viðmið um frístundastarf. Leiða og bera ábyrgð á rekstri, þjónustu og daglegri starfsemi skólans.

Hafa forystu um og bera ábyrgð á mannauðsmálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun. Bera ábyrgð á og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla skilyrði.
- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla skilyrði.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun.
- Sjálfstæði í störfum, ríkt frumkvæði, jákvæðni og vilji til þátttöku í þverfaglegu samstarfi.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð, hæfni og virðing í samskiptum ásamt góðu orðspori.



Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, afrit af leyfisbréfi, kynnisbréf og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið.

Umsóknarfrestur er til 27. mars og laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Sí eða FSL.

Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur Sæmundsdóttir starfandi framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs, gunnhildur@mos.is og Hanna Guðlaugsdóttir mannauðsstjóri, hanna@mos.is og í síma 525-6700. Upplýsingar er einnig að finna á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skolastjori.

Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinir til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf.

Síðumúla 5

108 Reykjavík

511 1225

intellecta.is

intellecta

Leikskóli Seltjarnarness

Gildi Leikskóla Seltjarnarness eru jákvæðni, virðing og fagmennska. Þessi gildi hefur starfsmannahópurinn sameinast um að starfa eftir og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Við þurfum á góðu fólki að halda til að koma til liðs við okkar frábæra hóp! Skólinn státar af metnaðarfullri starfsemi, ýmsum viðbótarkjörum, styttingu vinnuvikunnar og tilboði um námssamninga.

Við óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf:

- Deildarstjóri, fullt starf
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi, fullt starf
- Sérgreinastjóri í listaskála, fullt starf

Upplýsingar um störf í Leikskóla Seltjarnarness veita Margrét Gísladóttir, leikskólastjóri, margret.gisladottir@seltjarnarnes.is og Linda Björg Birgisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, linda.b.birgisdottir@seltjarnarnes.is í síma 5959-280/290.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknum ásamt fylgiskjöllum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir seltjarnarnes.is – Störf í boði
Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 27. mars 2023.

SELTJARNARNESBÆR

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Mótaðu framtíð vinnumarkaðarins með okkur langar að vinna með þér

BHM eru heildarsamtök 27 aðildarfélaga. Í félögunum eru fleiri en 17 þúsund félagar með margvíslegan bakgrunn og sérfræðipækkingu, sem starfa á öllum sviðum samfélagsins.

Í krafti fjöldans og fjölbreytninnar stendur BHM vörð um mikilvægi hugvits, sérfræðikunnáttu og menntunar.

Ráðgjafi í þjónustuveri BHM

Ráðgjafi í þjónustuveri BHM veitir félagsfólki upplýsingar um ýmis mál og veitir aðstoð varðandi umsóknir um styrki úr sjóðum bandalagsins í samvinnu við ráðgjafateymi.

STARFSSVIÐ

- Þjónusta við félagsfólk aðildarfélaga BHM
- Móttaka og meðhöndlun gagna og umsókna
- Yfirferð styrkjaumsókna
- Umsjón og eftirlit með rafrænu umsóknarferli
- Gagnaöflun fyrir stjórnir sjóða BHM
- Hugmyndavinna og betrubætur á sjálfsafgreiðslu og rafrænu aðgengi félagsfólks að upplýsingum á vef BHM
- Innleiðing þjónustaukandi leiða í samráði við aðra ráðgjafa þjónustuværs BHM

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Góð reynsla af alhliða skrifstofustörfum
- Reynsla af störfum félagasamtaka er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2023. Nánari upplýsingar um starfið á intellecta.is.

Upplýsingar veitir Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is, sími 511-1225).





Vilt þú leiða nýja nálgun verkefnastjórnunar?

Verkefnastjóri umbóta hjá Vegagerðinni

Vegagerðin auglýsir eftir verkefnastjóra umbóta. Um nýtt starf er að ræða og því einstakt tækifæri til þess að koma að mótun og þróun á því.

Verkefnið er að innleiða breytingar á aðferðarfræði verkefnastjórnunar og leiða uppsetningu og notkun á verkefnastjórnunarkerfi í allri starfsemi Vegagerðarinnar sem er stærsta framkvæmdastofnun ríkisins. Byggt er á undirbúningsvinnu sem staðið hefur yfir um nokkurt skeið. Starfið tilheyrir deild stafrænna innviða og ferla, sem heyrir beint undir forstjóra Vegagerðarinnar.

Starfssvið

Viðkomandi mun leiða umbótaverkefni í faglegri verkefnastjórnun í teymisvinnu þvert á Vegagerðina. Starfið felur í sér umsjón með innleiðingu og þjálfun starfsmanna í framtíðar verkefnastjórnunarumhverfi Vegagerðarinnar, ásamt öðrum stærri umbótaverkefnum innan Vegagerðarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Vottun í verkefnastjórnun MPM eða sambærilegu námi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Lausnamiðuð hugsun, frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdarstofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Brynjólfsson (bjorgvin.brynjolfsson@vegagerdin.is) forstöðumaður stafrænna innviða og ferla.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2023.


Sótt er um laus störf á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is

Viltu vera með okkur í liði?

Meiraprófsbílstjóri óskast til starfa hjá Bónus.

Meira um starfið á:

bonus.is/meiraprofsbilstjori



BÓNUS

Leitum að öflugum liðsauka

Tveir hjúkrunarfræðingar á skurðstofu 60-100% starf

Leitum að tveimur einstaklingum með íslenskt hjúkrunarleyfi og reynslu. Leyfi í skurðhjúkrun æskilegt. Önnur staðan er stjórnunarstaða með yfirmensjón með skipulagi og verkefnum á skurðstofunum. Verksvið er vinna og skipulag á skurðstofum, innkaup, gæðastarf og eftirlit. Samskipti við sjúklinga og leiðbeining. Æskileg er góð tölvukunnátta (word/excel), frumkvæði, forystu- og samskiptahæfni, stundvísi og faglegur metnaður.

Upplýsingar veitir Stefán E. Matthíasson framkvæmdastjóri sem tekur við umsóknum með náms- og starfsferilsskrá auk meðmælenda, rafrænt á stefan@laekning.is, eða í síma 696 7585. Starfskjör eru samningsatriði en grundvallast á samningi SA og viðkomandi stéttarfélags.

Skurðstofan ehf hóf starfsemi árið 1996. Þar eru gerðar dagskurðaðgerðir í almennum-, æða-, lýta- fegrunar-, bæklunar- og kvensjúkdómaskurðlækningum. Frá stofnun rúmlega 50000 aðgerðir. Alger endurnýjun tækja og búnaðar hefur átt sér stað undanfarið.

Skurðstofan er lítið fyrirtæki með samheldnum hópi starfsmanna þar sem lögð er áhersla á góða þjónustu og gæði. Vinnutími er að öllu jöfnu frá kl 8-16 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 25.03. 2023.

SKURD
STOFAN EHF

Lágmúla 5, 108 Reykjavík. S. 590 9213.



Erum við
að leita
að þér?



BBA//Fjeldco óskar eftir að ráða lögfræðing á skattasvið

BBA//Fjeldco er leiðandi lögmannsstofa á Íslandi og á sviði fjármála- og fyrirtækjalögfræði. Við óskum eftir öflugum einstaklingi í okkar teymi og í boði er krefjandi og metnaðarfullt starf í alþjóðlegu vinnuumhverfi. Fyrirtækið er með skrifstofur í Reykjavík og í London ásamt starfsemi í Frakklandi.

// Hæfniskröfur

- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla á skattasviði.
- Reynsla á sviði fyrirtækja- og fjármálagögfræði er kostur.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi.

Umsóknir berist á umsokn@bbafjeldco.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2023.

Verkefnastjóri úrgangs- og loftlagsmála

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða verkefnastjóra úrgangs- og loftlagsmála. Um 100% ótímabundið starf er að ræða.

Akureyrarbær er framúrskarandi sveitarfélag og jafnvel fyrirmynd annarra í umhverfismálum á mörgum sviðum. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni til að ná settum markmiðum sem sveitafélagið hefur sett sér.

Starf verkefnastjóra úrgangs- og loftlagsmála miðar að því að endurspegla stefnu sveitarfélagsins í úrgangsmálum sem og umhverfismálum á hverjum tíma.

Um er að ræða nýtt áhugavert starf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rut Jónsdóttir forstöðumaður umhverfis- og sorpmála á netfanginu rut@akureyri.is eða í síma 862-4988.

Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2023.

 Akureyrarbær

Geislagata 9 • Sími 460 1000 • www.akureyri.is • akureyri@akureyri.is

Pátttakandi
í íslensku
atvinnulífi
í meira en
50 ár



Lagermaður

Lyftarapróf æskilegt
Vinnutími virka daga frá kl 08:00 -17:00

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af lagerstörfum eða sambærilegu starfi, leggjum áherslu á góða þjónustulund, heiðarleika og stundvísi. Um er að ræða 100% starf.

Upplýsingar um umsækjenda, aldur og starfsferil óskast sendar á netfangið **sht@verslun.is**

 **VERSLUNARTÆKNI**
www.verslun.is

 **geiri**
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

 www.verslun.is

Sýningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Taktik 5753 #



Erum við að leita **að þér?**





Vilt þú verða hluti af nýju spennandi teymi fræðslu- og velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar?

Auglýst er eftir öflugum sérfræðingum til að taka þátt í mótun nýrrar þjónustu

Í kjölfar skipulagsbreytinga erum við að leita að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum til að vera hluti af öflugu og kraftmiklu teymi í nýju fræðslu- og velferðarsviði Hveragerðis þar sem sterk og öflug liðsheilid er lykilatriði.

Okkar helsta áhersla eru íbúar Hveragerðis og þeirra þarfir, og viljum við leggja okkur fram við að þjónusta íbúa bæjarins eins vel og mögulegt er.

Deildarstjóri í velferðarþjónustu

Helstu verkefni og ábyrgð:

Deildarstjóri ber ábyrgð á að innleiða þær breytingar sem unnið er að ásamt stjórnendaábyrgð gagnvart teymi í velferðarþjónustu. Viðkomandi sinnir jafnframt almennri félagsþjónustu.

Helstu verkefni auk stjórnunarhlutverks eru að annast meðferð mála einstaklinga og fjölskyldna á grunni laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni aldraðra, sinna störfum málstjóra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og þátttaka í vinnslu mála á grundvelli barnaverndarlaga og vegna stuðningsúrræða í barnverndarmálum.

Menntun og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem félagsráðgjöf, starfsreynsla og þekking á sviði félagsþjónustu og barnaverndar æskileg, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki, metnaður í starfi. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Til greina kemur að ráða einstakling með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfinu ef enginn félagsráðgjafi sækir um.

Félagsráðgjafi í barnavernd

Helstu verkefni og ábyrgð:

Viðkomandi er hluti af teymi sem sinnir barnaverndarþjónustu en Hveragerðisbær mun veita barnaverndarþjónustu í samvinnu við önnur sveitarfélög.

Helstu verkefni eru: móttaka, mat og könnun tilkynninga um misfellur í aðbúnaði barna skv. barnaverndarlögum, vinnsla barnaverndarmála skv. barnaverndarlögum og vegna stuðningsúrræða í barnaverndarmálum.

Menntun og hæfniskröfur:

Starfsréttindi í félagsráðgjöf, starfsreynsla og þekking á sviði barnaverndar æskileg, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Til greina kemur að ráða einstakling með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfinu ef enginn félagsráðgjafi sækir um.

Þetta er frábært tækifæri til að verða mikilvægur hluti af þessu nýja og metnaðarfulla teymi; að taka virkan þátt í að byggja upp og samþætta fræðslu- og velferðarþjónustu í Hveragerði þar sem einstaklingurinn fær að vaxa og nýta færni sína.

Öflugur hópur talmeinafræðinga, sálfræðings, hegðunarráðgjafa, félagsráðgjafa, ráðgjafaþroskaþjálfara, frístundarfulltrúa, ritara, forstöðumanna í félagslegri heimaþjónustu og málefnum aldraðra eru komin í teymið en okkur vantar nokkra öfluga einstaklinga til þess að fullkomna teymið.

Deildarstjóri í skólaþjónustu

Helstu verkefni og ábyrgð:

Deildarstjóri ber ábyrgð á að innleiða þær breytingar sem unnið er að ásamt stjórnendaábyrgð gagnvart teymi í skólaþjónustu. Viðkomandi sinnir auk þess almennri skólaþjónustu á grunni reglugerðar um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Helstu verkefni eru, auk stjórnunarhlutverks, að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti leik- og grunnskóla og starfsfólks þeirra, styðja við foreldra með ráðgjöf og fræðslu, sinna forvarnarstarfi til að stuðla markvisst að velferð nemenda og tryggja eins og kostur er að kennslufræðileg, sálfræðileg og þroskafræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Menntun og hæfniskröfur:

Kennaramenntun og réttindi til að kenna í leikskóla og/eða grunnskóla, önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Staða sérfræðings vegna innleiðingar á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Helstu verkefni og ábyrgð:

Sérfræðingur sinnir innleiðingu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skv. lögum og áherslum fræðslu- og velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar.

Helstu verkefni eru: stofna farsældarteymi í Hveragerði, fræðsla fyrir málstjóra, foreldra og lykilstofnanir, umsjón með vinnslu samþættingar og þátttaka í samstarfshópum/-teymum eftir því sem þörf er á.

Menntun og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi. Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki. Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Hveragerði er ört vaxandi og fjölskylduvænt sveitarfélag í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, sem vill veita íbúum sínum góða og markvissa þjónustu á öllum sviðum.

Meðal áherslna er að flýta uppbyggingu mannvirkja fyrir leik- og grunnskólastarf eins og þörf er á, tryggja fjölbreytt búsetuúrræði í Hveragerði, fjölga virkniúrræðum, tryggja að einstaklingar með fatlanir fái viðunandi stuðning til að starfa á fjölbreyttum vettvangi og koma á fjölmenningarsamstarfi við nágrennasveitarfélög.

Í Hveragerði eru meðal annars tveir glæsilegir 6 deilda leikskólar en á seinni hluta þessa árs er áætlað að þriðji leikskólinn verði tekinn í notkun. Grunnskólinn sem er með um 450 nemendur verður stækkaður og hefjast þær framkvæmdir í sumar.

Íþrótt- og menningarlíf hefur verið í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í einstöku umhverfi.

Umsóknarfrestur er til 12. mars 2023. Nánari upplýsingar veitir bæjarstjóri, geir@hveragerdi.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu sveitarfélagsins www.hveragerdi.is - laus störf. Prófskírteini og greinagóð ferilskrá skal fylgja umsókn ásamt stuttu kynningarbréfi þar sem fram kemur af hverju sótt er um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess. Allir einstaklingar sem ráðnir eru til starfa í skóla- og velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar þurfa að gefa heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá og undirrita trúnaðaryfirlýsingu. Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Sérstök nefnd mun vinna úr öllum umsóknum og verður öllum umsóknum svarað að ráðningu lokinni.



www.hveragerdi.is

Leikskóli Seltjarnarness

Gildi Leikskóla Seltjarnarness eru jákvæðni, virðing og fagmennska. Þessi gildi hefur starfsmannahópurinn sameinast um að starfa eftir og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Við þurfum á góðu fólki að halda til að koma til liðs við okkar frábæra hóp! Skólinn statar af metnaðarfullri starfsemi, ýmsum viðbótarkjörum, styttingu vinnuvikunnar og tilboði um námssamninga.

Við óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf:

- Deildarstjóri, fullt starf
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari, fullt starf
- Sérgreinastjóri í listaskála, fullt starf

Upplýsingar um störf í Leikskóla Seltjarnarness veita Margrét Gísladóttir, leikskólastjóri, margret.gisladottir@seltjarnarnes.is og Linda Björg Birgisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, linda.b.birgisdottir@seltjarnarnes.is í síma 5959-280/290.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknnum ásamt fylgiskjöllum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir seltjarnarnes.is – Störf í boði
Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 27. mars 2023.

SELTJARNARNESBÆR

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Gögn eru lykillinn að framtíðinni

Net- og kerfisstjóri

Við leitum að netstjóra með ríka öryggisvitund og metnað til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu grunninnviða á sviði upplýsingatækni. Netstjóri ber ábyrgð á víðnetum (WAN) og staðarnetum (LAN) Landsnets og hefur umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets.

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins á Íslandi. Stjórnkerfi raforkukerfisins á Íslandi byggir á rekstraröryggi net- og tölvukerfa og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða. Upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækisins og framundan eru krefjandi og skemmtileg verkefni í samstarfi við innlenda og erlenda birgja.

Næsti yfirmaður er Ásmundur Bjarnason, forstöðumaður upplýsingatækni.

Helstu verkefni

- Uppsetning, uppfærslur og rekstur tölvuneta
- Viðhald og eftirlit með eldveggjum
- Eftirlit með afköstum og rekstraröryggi netkerfa
- Eftirfylgni með þróun og nýjungum í netkerfum
- Daglegur rekstur, viðhald og eftirlit með netþjónum og tölvubúnaði
- Markviss vinna að aukningu rekstraröryggis upplýsingakerfa
- Þátttaka í þróun og smíði upplýsingakerfa skv. upplýsingastefnu Landsnets

Hæfniskröfur

- Nám í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking á Cisco búnaði
- Þekking á NGFW er mikill kostur
- Reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft/Linux umhverfi er kostur
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Sérfræðingur í gagnateymi

Við leitum að einstaklingi til að koma inn í stækkandi gagnateymi og þróa gagnadrifna framtíð Landsnets. Teymið hefur það að markmiði að auka sjálfvirkni í störfum og bæta gagnadrifna þjónustu byggða á sögulegum og rauntíma upplýsingum fyrir innri og ytri starfsemi Landsnets.

Gagnateymið er sjálfstætt, framsækið og tileinkar sér þau vinnubrögð að deila ábyrgð. Viðkomandi fær því tækifæri til að vinna með fjölbreytt gögn, fjármála- og markaðsupplýsingar, orku- og landupplýsingar og koma gögnum til hagnýtingar til aukinnar sjálfvirkni og bættrar ákvarðanatöku.

Næsti yfirmaður er Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og gagna.

Helstu verkefni

- Vinna í rekstri og þróun á gagnagrunnum, vöruhúsum og rauntíma gangavinnslum
- Greining, hönnun og útfærsla á gagnadrifnum lausnum
- Almenn úrvinnsla, meðhöndlun og samþætting gagna úr ólíkum kerfum
- Virk þátttaka í þróun á gagnastefnu Landsnets
- Þjónusta starfsfólk Landsnets með gagnanotkun

Hæfniskröfur

- Nám í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking í gagnagrunnsforritun (s.s. SQL, Python) og gagnavinnslu (t.d. tímaraðargreiningu, spá, gervigreind, bestun o.fl.)
- Góð reynsla af rekstri gagnagrunnsumhverfis
- Staðgóð þekking á gagnagrunnsfræðum og greiningartólum
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

ÚTBOD

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Grassláttur á borgarlandi í austurhluta Reykjavíkur 2023-2026, EES útboð 15777.
- Grassláttur á borgarlandi í vesturhluta Reykjavíkur 2023-2026, EES útboð 15778.
- Grassláttur við Þjóðvegi í Reykjavík 2023-2026, EES útboð 15779.
- Hreinsun gatna og gönguleiða 2023 – 2024, EES útboð 15776.
- Ráðhús Reykjavíkur – Lampar, útboð nr. 15780.
- Dúkalagnir 2023 í hverfum 6,7 og 8,9,10 í fasteignum Reykjavíkurborgar, útboð 15781.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is



job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



ÚTBOD

Selfossveitur bs óskar eftir tilboðum í verkið:
„Nýr miðlunargeymir fyrir Selfossveitur“

Reisa skal rúmlega 4.500 m³ hitaveitugeymi að Austur-vegi 67 á Selfossi. Geymirinn verður reistur norðan við núverandi heitavatnsgeymi. Verkið felst í reisingu og klæðningu stálgeymis. Stálgeymirinn skal reisa á staðsteyptri undirstöðu og undir hluta hans er staðsteypt tengihús. Geymirinn er úr stáli með miðsúlu og þakburðarbitum. Stálplötur í þaki eru soðnar neðan á þakbita. Stálgeymi skal mála að utan en sementskústa að innan. Geyminn skal einangra með steinull og klæða að utan með álklaðningu. Pípulagnir í tengihúsum skal einangra með steinull og klæða með álklaðningu.

Helstu magntölur:	
• Stálplötur	30 tonn
• Stálbitar	29 tonn
• Steinullareinangrun	2760 m ²
• Álklaðning bols	750 m ²
• Álklaðning á þaki	600 m ²
• Pípulögn í tengihúsi – DN 80 – DN 500	76 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/aa5bde60-e3c9-4c18-88d2-a9b490a18512>
Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrár sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 föstudaginn 31. mars 2023.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opunar-yfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar



Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins
– frumkvöðull í forvörnum

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins verður haldinn í húsi Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 Reykjavík, 4. hæð, mánudaginn 20. mars 2023 og hefst kl. 20:00.

Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf.
Tillögu að lagabreytingum félagsins má sjá á www.krabb.is/hofudborgarsvaedi/
2. Önnur mál.

Að loknum aðalfundarstörfum flytur Sveinn Magnússon lækni erindið „Saga tóbaksvarna á Íslandi“.

Veitingar.

Stjórnin.



EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease a house/apartment in Reykjavik area..
Required size is 120– 250 square meters, large living room,2 full bathrooms, garage/inside parking and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years. Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before April 1st. with information about the house and location (photos,street and house/apartment number) and phone number of the contact person showing the property.

SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús/íbúð á höfuðborgarsvæðinu.
Æskileg stærð 120 – 250 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi með sturtu/baðkari, bílskúr/stæði í bílageymslu og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir 1. Apríl með upplýsingum um eignina og staðsetningu (ljósmyndir,götuheiti og húsnúmer/íbúðarnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR RÁÐGJÖF

OPIÐ HÚS

í sýningaríbúð í Eskiási 1, íbúð 308.

Sun. 12. mars

kl.14.00-15.00

Allir velkomnir

FASTEIGNASALAN
TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

Nýr áfangi kominn í sölu!
Eskiás 3 | Garðabæ

Verð frá
kr. 67.900.000

Áætl. Afhending
Okt./Nóv. 2023



Glæsilegar sérbylisíbúðir í hjarta Garðabæjar! Allar með sérinngangi, margar með aukinni lofthæð.

Um er að ræða 35 íbúðir í húsinu og næg bílastæði í kringum húsið, rafhleðslustöðvar á lóð. Íbúðirnar eru 3, 4, og 5 herbergja fullbúnar án gólfefna, nema í votrymum.

Húsin mynda fering utanum skjólgóðan inngarð og eru allar íbúðir með aðgengi eða glugga í átt að inngarðinum. Inngangur inn í inngarð frá báðum langhliðum hússins.

Allar nánari upplýsingar veita fasteignasalar, sjá GSM númer þeirra hér að neðan.



Hafdis
Fasteignasali
820 2222



Sigurður
Fasteignasali
898 6106



Dórothea
Fasteignasali
898 3326



Sigríður Rut
Fasteignasali
699 4610



Darri Örn
Fasteignasali
767 0000



Unnur Svava
Fasteignasali
623 8889



Jóhanna Kristín
Fasteignasali
837 8889



Elka
Fasteignasali
863 8813



Ragnar Kristján
Fasteignasali
844 6516



Þorgeir
Fasteignasali
696 6580



Svavar
Fasteignasali
623 1717



Hafliði
Fasteignasali
520 9595



Jón Gunnar
Fasteignasali
848 7099



Helgi Jóhannes
Fasteignasali
780 2700



Hrönn
Fasteignasali
692 3344



Lilja
Fasteignasali
663 0464



Skúli E.
Nemi í löggildingu
869 7014



Gunnar Patrik
Nemi í löggildingu
822 9415



Þóra
Fasteignasali
822 2225

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Garðabær, Hafnarfjörður,
Reykjavík: Bryggjuhverfi, Mjódd og Vesturbær



NAUSTABRYGGJA 9 · 110 RVK.

NÝTT Í SÖLU

66,3 ferm.

2ja herb.

104 íbúð nr.

JARÐHÆÐ MEÐ SÉRAFNOTAREIT

Búseturéttur: 8.130.716 kr.

Mánaðarlegt búsetugjald: 196.360 kr.

Mögulegt lán: 4.065.000 kr.

Afhending: Í júní.

ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.

NÝTT Í SÖLU

67,8 ferm.

2ja herb.

404 íbúð nr.

SUÐURSVALIR

Búseturéttur: 9.378.960 kr.

Mánaðarlegt búsetugjald: 200.173 kr.

Mögulegt lán: 4.689.000 kr.

Afhending að ósk seljanda: Miður júní.

ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.

NÝTT Í SÖLU

95,7 ferm.

3ja herb.

108 íbúð nr.

SÉRAFNOTAREITUR Í SUÐVESTUR

Búseturéttur: 11.874.942 kr.

Mánaðarlegt búsetugjald: 259.023 kr.

Mögulegt lán: 5.937.000 kr.

Afhending að ósk seljanda: Byrjun maí.

KEILUGRANDI 3 · 107 RVK.

NÝTT Í SÖLU

96,6 ferm.

3ja herb.

206 íbúð nr.

GEYMSLA INNAN ÍBÚÐAR

Búseturéttur: 10.964.429 kr.

Mánaðarlegt búsetugjald: 243.451 kr.

Mögulegt lán: 5.482.000 kr.

Afhending að ósk seljanda: Í apríl.

BIRKIHLÍÐ 2a · 221 HFJ.

NÝTT Í SÖLU

103,6 ferm.

4ra herb.

202 íbúð nr.

ÞVOTTAHERBERGI INNAN ÍBÚÐAR

Búseturéttur: 7.142.363 kr.

Mánaðarlegt búsetugjald: 236.583 kr.

Mögulegt lán: 1.800.000 kr.

Afhending að ósk seljanda: Í apríl.

MARÍUGATA 7 · 210 GBR.

NÝBBYGGING

106,5 ferm.

4ra herb.

201 íbúð nr.

ÍBÚÐ Í VISTVÆNU HVERFI

Búseturéttur: 14.234.065 kr.

Mánaðarlegt búsetugjald: 295.631 kr.

Mögulegt lán: 7.117.000 kr.

Afhending: Í júní.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ



NÝTT Í SÖLU

Sótt er um á vef Búseta. www.buseti.is

Umsóknarfrestur: **Til 15. mars kl. 16:00.**
Rafræn úthlutun: 16. mars kl. 10.00.

Umsækjendum er ráðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður,
skyldutryggingar, hiti,
fasteignagjöld, hússjóður,
þjónustugjald og framlag
í viðhaldssjóð.

VERTU Í SAMBANDI

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000



Með því að skanna QR kóðann opnast síðan Lausar íbúðir á vef Búseta.

Birt með fyrirvara um villur og breytingar.



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Óska eftir manni með vinnuvélaréttindi

Looking for a man with a
machine exam

Óska einnig eftir smið
í vinnu eða manni sem hefur
unnið við smíðar.

Upplýsingar í síma 893 5374
nybyggd@gmail.com

Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ
Reykjavíkur. Lausir tímar.

Sími 694 7881, Janna.



HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is
Sími: 561 5900
hhr@hhr.is

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT



Mitsubishi 2008,
ek.232.000 Fjór hjóladríf, sjálfskiptur,
nýleg negld vetrardekk og sumar-
dekk, krókur, **NÝ SKOÐAÐUR.**
Verð 690.000 kr.

Til sýnis og sölu Stekkjarbakka 4,
100bilar.is. S: 517-9999

*Verð er án vsk.